

Axel Blomsterberg

kt: 1404504729

05.06.2024

þingmálsnr: 1130

Framhald stuðningsaðgerða vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ.

Í frumvarpinu er leitast við að lengja tímabil fjárhagsstuðnings við hin ýmsu fyrirtæki í Grindavík, þó einkum fiskvinnslu og önnur stærri fyrirtæki, en mjög takmörkuð hjálp berst minni fyrirtækjum sem ekki geta starfað í Grindavík og er það eingöngu vegna þess að það er engin til þess að versla við þessi fyrirtæki.

Einnig sýnist mér að ríki og Grindavíkurbær séu með sömu sýn á málið og flestir grindvíkingar hafa þar sem að búið er að loka heilsugæslu og takmarkað er af lægreglumönnum sjúkra og slækkvuliðsmönnum í bænum (afhverju skildi það nú vera?).

Auk þess hefur megnið af bæjarstarfsmönnum verið sagt upp svo það er engin þjónusta í bænum. Lagnakerfi bæjarins er mikið laskað svo víða er ekki hægt að nota klósett og sumstaðar er ekkert kalt vatn.

Fyrirtækið mitt Há- Brún kt 7005033130 á og rekur lítið fjölbýlishús með 5 íbúðum í Grindavík. 10 Nóvember þegar rýming var fyrirskipuð fluttu allir úr húsinu og hefur enginn fyrri leigjenda áhuga á að flytja aftur til Grindavíkur. Húsið hefur staðið autt síðan þá og hefur engin innkoma verið að þessari eign síðan, einungis útgjöld.

Eins og allir vita verður ekkert skólahald eða önnur starfsemi í Grindavík í að minnsta kosti 2 ár og ef til vill aldrei.

Því er tillaga mín sú að lög nr:16/2024 „Lög um kaup á íbúðarhúsnæði í Grindavík“ verði breytt á þann veg að fasteignafélagið Þórkötla verði gert skylt að kaupa íbúðarhús þeirra lögaðila og einstaklinga sem hafa hug á því að selja og féll áður utan verklagsreglna félagsins og gera eins og stjórnarliðar sem hafa tjáð sig um málið, hafa sagt og lofað! " við munum grípa alla Grindvkinga".

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á núverandi 1. gr 1.mgr laga 16/2024 : Markmið laga þessara er að veita íjárhag og velferð íbúa, húsnæðis eigenda og lögaðila í Grindavíkurbæ í jösi óvissuástands vegna jarðhræringa með því að gefa einstaklingum

og lögaðilum í bæjarfélaginu kost á að losna undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi íbúðarhúsnæðis í bænum.

Núverandi lög eru hér að neðan.

1. gr. Markmið, gildissvið o.fl. Markmið laga þessara er að veita íjárhag og velferð íbúa í Grindavíkurbæ í jónsi óvissuástands vegna jarðhræringa með því að gefa einstaklingum í bæjarfélaginu kost á að losna undan þeirri áhættu sem fylgir eignarhaldi íbúðarhúsnæðis í bænum.

Það hafa ekki allir fengið að njóta jafnréttis í þessu máli.

Jafnræðisregla stjórnarsýsluréttar er lögfest með 11. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993: „Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. **Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða.**